

Ed.

548. Nefndarálit

[91. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 54 5. júní 1957, um búfjárrækt.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta var flutt snemma á þessu þingi, og felur það í sér nokkrar breytingar á þeim kafla búfjárræktarlaga, er snertir hrossaræktina.

Búfjárræktarlögin voru í endurskoðun hjá Búnaðarfélagi Íslands á s. l. ári, og lá sú endurskoðun fyrir búnaðarþingi í vetur, og var frv. afgreitt þar og hefur verið sent til landbúnaðarráðuneytisins til frekari fyrirgreiðslu. Þess verður að vænta, að frv. þetta verði lagt fyrir næsta Alþingi og hljóti þá afgreiðslu þar. Það er því ekki aðkallandi mál að afgreiða þetta frv. um breytingar á búfjárræktarlögum, enda eru sumar þessar breytingar mjög vafasamar, t. d. 3. gr. frv.

Tvær fyrstu greinar frv. fela ekki í sér neinar efnisbreytingar, en kveða skýrar á um viss atriði varðandi framkvæmd búfjárræktarlaganna. 3. gr. frv. er hins vegar efnisbreyting frá gildandi lögum. Sú breyting er mjög vafasöm, þar sem lagt er til að fela sýslunefndum æðsta vald í hrossakynbótum í hverri sýslu um sig. Það verður að teljast eðlileg þróun mála, að Búnaðarfélag Íslands, sem hefur á að skipa sérfróðum mönnum í hrossarækt, eins og á öllum öðrum sviðum búnaðarmála, hafi bezta aðstöðu til að leysa vandamál hrossaræktarinnar af viðsýni og þekkingu. Það er því ekki ástæða til að rýra vald þess og fela það öðrum, sem hafa ekki á að skipa sérfræðipekkingu á þessum sviðum. Breyting í þessum efnum er því mjög hæpin, svo að ekki sé meira sagt. Það hefur ekki heldur verið upplýst, að Búnaðarfélag Íslands hafi misbeitt valdi sínu á þessu sviði.

Við í minni hl. landbn. leggjum til, að 3. gr. frv. falli niður, og afstaða okkar til frv. miðast við það, hvort sú breytingartillaga verður samþykkt.

Alþingi, 30. apríl 1964.

Ásgeir Bjarnason,
frsm.

Páll Þorsteinsson.